



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Rýni stjórnenda Haustönn 2020

Birgir Jónsson
Gæðastjóri

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620

Fax: 477 1852



Efnisyfirlit

Niðurstöður fyrri rýni stjórnenda	2
Innri úttektir	5
Endurgjöf frá viðskiptavinum	6
Svarhlutfall í áfangamati á haustönn 2020	7
Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða.....	7
Stutt áfangamat.....	11
Frammistaða ferla og samræmi vöru	12
Yfirferð á skjölum	12
Mætingar, meðaleinkunn, fallprósenta og brottfall	12
Ábendingar, kvartanir, frábrigði.....	13
Útskrift áfanga.....	13
Kennsluáætlanir	14
Framvindumat.....	15
Áfangaskýrslur	15
Einkunnalistar.....	16
Gerð námsmatspátta.....	16
Samantekt	16
Staða forvarna og úrbóta	16
Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda	17
Jafnlaunakerfið	17
Markmið jafnlaunakerfis og launagreiningar	17
Innri úttektir jafnlaunakerfis	20
Niðurstöður markmiða.....	20

Breytingar í rekstri VA sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið	21
Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starf skólans	22
Tillögur um umbætur	23
Tillögur um auðlindir	24

Dags.: 5.2.2021	Tími: 9:00-16:00	Staðsetning: Friðarstofa	Fund boðaði: BJ
-----------------	------------------	--------------------------	-----------------

Mættir:	Karen, Lilja og Birgir
Fjarverandi:	

Niðurstöður fyrri rýni stjórnenda

Rýni stjórnenda fyrir vorönn 2020 fór fram í lok annarinnar. Á aðgerðarlista fyrir haustönn voru eftirtalin verkefni:

- Eftirfylgni með innri úttektum/eftiráúttektir. Eftirfylgni hefur verið á höndum gæðastjóra en koma þarf upp markvissara skipulagi varðandi þessa eftirfylgni þangað til nægilega reynsla kemst á úttektirnar. Það verður unnið áfram með þetta markmið á næstunni.
- Taka út verklagsreglur samkvæmt skipulagi. Vinnan hófst í lok haustannar 2019 og hefur gengið afar vel. Unnið er eftir áætlun sem gerð er frá ári til árs og þannig tryggt að allar verklagsreglur séu teknar út árlega og þar með kröfur staðalsins. Úttektirnar eru í höndum aðila úr gæðaráði og gæðastjóri hefur yfirumsjón með vinnunni.
- Setja upp nýtt skipulag varðandi innri úttektir. Nýtt skipulag innri úttekta hefur verið lagt fram og samþykkt í gæðaráði fyrir næsta ár. Áfram er haldið á þeirri braut sem mörkuð hefur verið og úttektirnar eru þróaðar frá úttekt til úttektar.
- Halda vel utan um þátttöku nemenda í áfangamati. Halda áfangamatstíma og hafa umbun til þess að auka hlutfall þátttakenda. Þær áætlanir um að halda sérstakan tíma til áfangamats urðu að engu vegna COVID-19 en umbunin var sett á. Nemendur gátu sent inn staðfestingu á að hafa lokið, þeir fóru í pott sem dregið var úr. Þessi vinna skilaði sér í mjög góðri þátttöku í áfangamati eins og vikið er að í þessari skýrslu.
- Skólapúlslinn verður tekinn inn á hverju ári í stað þess að hafa hann annað hvert ár. Þetta markmið stóðst og var Skólapúlslinn lagður fyrir nemendur í nóvember 2020. Hann var lagður fyrir fyrir ári síðan og verður uppfrá þessu lagður fyrir árlega.
- Gera þjónustukannanir á árinu, s.s. mötuneyti, skólaakstur og skrifstofu. Á önninni voru ótal kannanir lagðar fyrir nemendur og auk þess setti COVID-19 strík í reikninginn. Ákveðið var að leggja könnun fyrir forsjáraðila en þjónustukönnunum verður frestað til vorsins og sumum hverjum til haustannar 2021.

- Koma starfsþróunarsamtölum í fastar skorður. Þetta markmið hefur ekki náðst en ástandið hefur sett strik í reikninginn. Enn er þó stefnt að því að allt starfsfólk fari í starfsþróunarsamtal einu sinni á árinu. Meirihluti starfsfólks hefur farið í eitt viðtal á árinu.
- Koma upp reglulegum rýnihópafundum með nemendum þar sem tekin eru fyrir ákveðin málefni. Það hefur verið settur upp rýnihópur en vegna COVID-19 hefur hann ekki enn náð að hittast. Það verður unnið áfram með þetta markmið á næstu önn og þangað til það kemst í fastar skorður.
- Það þarf að gera framvindumatinu hærra undir höfði. Á önninni var farið yfir framvindumatið með deildarstjórunum og hvernig hægt væri að kafa dýpra ofan í það. Í staðinn fyrir að bjóða kennurum upp á viðtal þá áttu allir að koma í viðtal. Það skilaði sér í mun dýpra samtali um stöðuna í áföngunum. Haldið verður áfram á þessari braut á næstu önn.
- Tryggja að kennarar sem koma í aðkeypta kennslu séu vel upplýstir um gæðakerfið og hlutverk þeirra innan þess. Gæðastjóri útbjó myndbönd þar sem farið er yfir útfyllingu gátlista og varð það hluti af þeim gögnum sem kennarar fá við upphaf vinnu sinnar. Að auki er búið að vera að vinna að sérstöku svæði fyrir starfsfólk þar sem öll gögn varðandi starfið verða aðgengileg. Henni ætti að ljúka á vorönn 2021.
- Tryggja rýni á námsmatsþáttum og skil á gátlistanum Gerð námsmatsþátta áður en þátturinn er lagður fyrir. Farið var yfir mikilvægi gátlistans á fundum haustsins og kennarar hvattir til að skila honum inn áður en viðkomandi þáttur væri lagður fyrir. Einnig voru sendar út áminningar á önninni sem skiluðu einhverjum árangri. Það þarf að halda áfram að vinna með þetta á næstu önn.
- Koma á reglulegum deildar- og deildarstjóra fundum og sjá til þess að niðurstöður þeirra séu skjalaðar. Línurnar voru lagðar með deildarstjórum í upphafi annar og lögð var áhersla á að a.m.k. einn deildarfundur yrði haldinn á önninni með skjöluðum niðurstöðum. Þarf að halda áfram að vinna með þetta á vorönninni.

- Skerpa á hlutverki deildarstjóra í gæðakerfinu. Farið var vel yfir hlutverk deildarstjóra samkvæmt gæðakerfinu á önninni. Þeirri vinnu verður haldið áfram á vorönninni.
- Tryggja að nýtt starfsfólk sé vel upplýst um starfsemina þegar það hefur störf. Innleiðing á GÁT-lista við móttöku starfsmanna hefur farið fram á önninni. Sú vinna verður þróuð enn frekar og eftirfylgni tryggð.
- Þarf að skerpa á ferli varðandi skráningar á frávikum. Farið er eftir ferlinum en það þarf að tryggja skilvirkari leiðir. Vinna við að skerpa á þessum ferlum hefur staðið yfir á önninni. Þetta er allt í áttina en er markmið sem verður unnið áfram með á næstu önnum.
- Það þarf að kynna jafnlaunakerfið betur fyrir starfsfólki, sbr. niðurstöðu könnunar. Kynning á jafnlaunakerfinu og niðurstöðum launagreiningar fór fram á önninni en verður haldið áfram með þær kynningar á næstu önn og þá verður staðan tekin aftur með könnun meðal starfsfólks.
- Auglýsa stöður í verknámi með það fyrir augum að höfða sérstaklega til kvenna. Þetta var gert sl. vor þegar auglýst var eftir kennurum. Það skilaði sér í því að kona var ráðin til starfa við kennslu rafiðngreina. Þessu verður haldið áfram við auglýsingu lausra starfa.
- Halda áfram að vinna að þróun kerfisins. Mikil vinna hefur farið fram á önninni við þróun kerfisins. Samið var við úttektaraðilann iCert og forvottun hefur farið fram. Stefnt er að vottunarúttekt á vorönn 2021.
- Endurskoðun starfslýsinga. Á önninni hefur verið unnið að endurskoðun starfslýsinga. Vinnan er á góðri leið en verður ekki lokið fyrr en á vorönn 2021.
- Endurskoðun stúdentsbrauta. Drög að nýjum stúdentsbrautum hafa verið teiknuð upp og á vorönninni verður unnið enn frekar að þeim.
- Innleiðing mannauðskerfa. Búið er að setja inn allar upplýsingar um menntun starfsfólks og þegar nýir starfsmenn koma inn er því fylgt eftir að þeir séu skráðir í kerfin. Haldið verður áfram við innleiðinguna á vorönn 2021.

- Vottun gæðakerfis á haustönn 2020. Líkt og nefnt var hér að ofan er vottun gæðakerfsins á lokametrinum. Forvottun hefur farið fram og stefnt er að vottunarúttekt á vorönn 2021.
- Þarf að samþykkja öll skjöl varðandi gæðakerfið og koma á vefinn. Þetta markmið hefur ekki gengið eins vel og stefnt var að. Það var fyrst verið að leita að hentugu kerfi til að halda utan um gæðakerfið og nú hefur verið greitt úr því og stefnt er að því að öll skjöl verði samþykkt áður en vottunarúttekt fer fram.
- Það þarf átak í því að efla og viðhalda starfsánægju. Á önninni voru niðurstöður Stofnunar ársins rýndar af starfsfólki og í kjölfarið verður sett saman skýrsla og umbótaáætlun. Hún verður liður í því að efla og viðhalda starfsánægju.
- Halda áfram að tryggja starfsfólki endurmenntun sem eflir það í starfi. Sótt hefur verið í starfsmenntasjóði eins og SEF fyrir námskeiðum sem hafa verið haldin á starfstíma skólans. Einnig var haldinn endurmenntunardagur innan skólans þar sem áherslan var á tækni. Það liggja einnig mikil tækifæri fyrir starfsfólk innan Erasmusstyrkja. Haldið verður áfram á þessari braut.

Innri úttektir

Ferlið við innri úttektir er unnið eftir sérstakri áætlun sem gerð er fyrir hvert almanaksár þar sem stuðst er við eyðublaðið GÁT-003. Þeir þættir sem teknir voru út á haustönn 2020 voru Stjórnun og umsýsla, rýni stjórnenda, innri úttektir og meðhöndlun frávika. Úttektarmenn voru þeir Jón Valgeir Jónsson og Gunnar Ólafsson. Gerðar voru 28 athugasemdir sem skráðar voru á GÁT-005 Frávika- og úrbótaskýrsla. Gæðastjóri hefur yfirumsjón með því að ráðist verði í þær umbætur sem þarf að ráðast í.

Þær umbætur sem þurfti að ráðast í voru:

- VKL-214 yfirfarin.
- Það að yfirfara lagalegar kröfur er sett í ferli.
- GÁT-006 tekið úr notkun.

- GÁT-001 uppfærður.
- Ferillinn við rýni stjórnenda yfirfarinn.
- VKL-105 endurskoðuð með tilliti til nýs kerfis sem heldur utan um gæðahandbók.
- VKL-104 endurskrifuð með tilliti til nýs kerfis sem heldur utan um gæðahandbók.
- Gæðastefna skólans sett á vefinn.
- Gæðahandbók á vefinn. Verið er að skoða útfærslu á þessu atriði.
- Ýmsar lagfæringar á orðalagi og öðru því um líku í þeim skjölum sem voru undir.

Endurgjöf frá viðskiptavinum

Í VA er markvisst unnið að því að bæta gæði skólastarfsins og í síauknum mæli er það gert með hliðsjón af þeim gæðamarkmiðum og kvörðum sem eru hluti af ISO 9001 stjórnunarkerfinu. Til að fylgjast með árangri er m.a. rýnt í niðurstöður úr áfangamati.

Á hverri önn er framkvæmt áfangamat sem veitir kennurum niðurstöður um stöðu sína og gefur nemendum tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á kennurum og kennslu í einstaka áföngum í skólanum. Tilgangur matsins er að kanna hvernig til hafi tekist með kennslu með það að markmiði að bæta það sem betur mætti fara. Áfangamatið er framkvæmt í gegnum Innu og er framkvæmdin í höndum gæðastjóra. Niðurstöður áfangamats voru sem fyrr kynntar kennurum og skólameistara að áfangamati loknu. Einnig fór gæðaráð yfir heildar niðurstöður áfangamats og þær loks kynntar fyrir starfsfólki í annarlök.


Samkvæmt verklagsreglu þá skal hver áfangi metinn að jafnaði á 18 – 24 mánaða fresti. Því getur þurft samanlagt fjórar annir til að fá meðaltal fyrir alla kennda áfanga í VA. Með því að framkvæma áfangamatið í gegnum Innu eru allir áfangar settir í mat, þar sem framkvæmdin er einfaldari. Líkt og á síðustu önn voru tvær útgáfur af áfangamati: áfangamat fyrir dagskóla og dreifnám og áfangamat fyrir fjarnám. Stutttri útgáfu áfangamats var frestað vegna COVID-19 en þráðurinn verður tekinn aftur upp á vorönn 2021.

Svarhlutfall í áfangamati á haustönn 2020

Áfangamatið var lagt fyrir um miðja önn, opnaði þann 19. október og lauk 5. nóvember. Áfangamatið var lagt fyrir í öllum áföngum og í tvennu lagi, dagskóli/dreifnám og fjarnám. Svarhlutfall var 78% í dagskóla/dreifnámi og 61% í fjarnámsáföngum og heildarsvarhlutfall 74% en miðað er við að ná að lágmarki 70% svarhlutfalli til að niðurstöður teljist marktækar.

Í þetta sinn var ný spurning þar sem sérstaklega var spurt út í viðhorf nemenda til tvöfaldra bóklegra tíma.

Svarhlutfallið í áfangamatinu var yfir 70% í 66 áföngum þar af var hlutfallið 100% í 27 áföngum. 47% áfanganna skiluðu marktækum niðurstöðum. Meðalsvarhlutfall í áfanga var 67%.



Mynd 1: Svarhlutfall áfangamats eftir önnum.

Á Mynd 1 má sjá samanburð á svarhlutfalli í áfangamati fyrir síðustu annir. Hlutfallið sveiflast nokkuð á milli anna og fór mikið niður á við haustið 2018 þegar matið var fært yfir í Innu en hefur verið á uppleið síðan.

Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða

Eitt þeirra gæðamarkmiða sem sett hefur verið í VA er mælt í áfangamatinu, er það svohljóðandi:


- Að nemendur séu ánægðir með kennslu og aðstöðu til náms í skólanum.

Mælikvarðarnir gagnvart þessu markmiði eru tveir:


- Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.
- Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum er viðunandi.

Markmiðið er að 80% nemenda taki afstöðuna frekar sammála eða mjög sammála gagnvart þessum fullyrðingum. Markmiðið var 85% en samþykkt var að færa það niður í 80% sem er í takt við það sem aðrir skólar eru að gera.

Eins og má sjá á *Mynd 2* þá hefur gæðamarkmið náðst fyrir fyrri mælikvarðann og sama gildir um seinni mælikvarðann eins og sjá má á *Mynd 3*.



Mynd 2: Niðurstöður áfangamats sl. fjögurra anna – Ánægja með kennslu




Mynd 3: Niðurstöður áfangamats sl. fjögurra anna – Náms- og kennslubúnaður í áföngum

Til að vísa á frekari niðurstöður úr áfangamati er bent á skýrsluna sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Gæðamarkmið	Mælikvarðar	Staða	Hvenær mælt	Markmið
Nemendur séu ánægðir með kennslu og aðstöðu til náms í skólanum.	Áfangamat: Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.	80%	Okt. 2020	≥ 80% svari <i>frekar sammála eða mjög sammála.</i>
	Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi.	82%	Okt. 2020	≥ 80% svari <i>frekar sammála og mjög sammála.</i>


Annað gæðamarkmið tekur á því hvort nemendum líði vel í skólanum og hafi áhuga á náminu. Mælikvarðinn sem notaður er, er Skólapúlsinn sem er lagður fyrir árlega og þá á haustin. Þar eru nýttir þættirnir Samsömun við nemendahópinn, námsáhugi og vellíðan. Niðurstöður úr þeim mælingum fara hér á eftir.

Á *Mynd 4* má sjá hvernig samsömun hefur þróast í síðustu könnunum en þess ber að geta að Skólapúlsinn var ekki lagður fyrir nema annað hvert og jafnvel þriðja hvert ár en nú er hann orðinn fastur á hverju ári.



Mynd 4: Samsömun við nemendahópinn – Skólapúlsinn 2013-2020

Ljóst er að markmiðið næst enda er niðurstaðan fyrir ofan markmiðið og tók kipp á önninni. Varðandi hinn þáttinn, námsáhuga þá má sjá á *Mynd 5* að námsáhuginn fer aftur upp á við frá síðustu mælingu og er töluvert fyrir ofan markmiðið (4,5).



Mynd 5: Námsáhugi – Skólapúlsinn 2014-2020

Þriðji þátturinn sem er skoðaður en velliðan. Eins og sjá má á *Mynd 6* hefur það einnig farið upp á við og nær nú markmiðinu (4,5). Eru allar þessar niðurstöður mjög áhugaverðar í ljósi þess að flestir nemendur skólans svöruðu könnuninni að heiman í fjarkennslu vegna COVID-19. Ber að skoða niðurstöðurnar í því ljósi.



Mynd 6: Velliðan – Skólapúlsinn 2013-2020

Gæðamarkmið	Mælikvarðar	Staða	Hvenær mælt	Markmið
Að nemendum líði vel í skólanum og hafi áhuga á náminu.	Skólapúlsinn: Eftirfarandi matsþættir í <i>Skólapúlsinum</i> : - Samsömun við nemendahópinn - Námsáhugi - Velliðan	4,6 5,3 3,1	Nóv. 2020 Nóv. 2020 Nóv. 2020	Hugsanlegt markmið að fara ekki undir 4,5 (meðaltalið er 5,0)

Stutt áfangamat

Í kjölfar haustannar 2019 var tekin sú ákvörðun að hafa einnig styttra áfangamat undir lok vorannar 2020. Tilgangurinn var sá að kennarar fengju þar samanburð við áfangamatið á miðri önn. Var ætlunin að setja það á INNU og fá nemendur í vinnustofur í næstsíðustu kennsluviku en vegna COVID-19 var það sett á INNU og auglýst meðal nemenda. Um þær

niðurstöður má lesa í skýrslu vorannar 2020. Aftur átti að keyra slíkt á haustönn 2020 en vegna COVID-19 og fjölda annarra kannana var ákveðið að fresta því til loka vorannar 2021.

Frammistaða ferla og samræmi vöru

Yfirferð á skjölum

Mikil vinna hefur verið á önninni við að yfirfara gæðakerfið, fara í gegnum verklag og betrubæta. Það er í raun búið að fara í gegnum allar verklagsreglur kerfisins og meginþorra allra gátlista. Stefnt hefur verið að því að fara í vottunarferli haustið 2020. Það tókst að hluta þar sem lokið var við forvottun kerfisins og mun lokaúttekt fara fram á vorönn 2021.

Mætingar, meðaleinkunn, fallprósenta og brottfall

Samkvæmt gæðamarkmiðum skólans skulu mætingar nemenda í dagskóla vera yfir 90%. Þegar vorönnin er skoðuð kemur í ljós að mætingarnar voru 83,6% eða töluvert undir markmiði. Í þetta sinn voru eldri nemendur með óreglulega mætingu teknir út og skekkja ekki myndina.

Gæðamarkmið skólans varðandi meðaleinkunn er að meðaleinkunn sé 6 eða hærri þegar tekið er til allra áfanga. Á haustönn 2020 var meðaleinkunn 7,26 og því ljóst að gæðamarkmið náðist.

Fallprósenta var 15.6% sem þýðir að gæðamarkmiði er náð en það er að vera undir 17%.

Brottfall var 8,2% samkvæmt þeirri aðferð sem notuð hefur verið innan skólans en hún felst í því að skrá þá sem hverfa frá námi í okkar skóla. Markmiðið er að vera undir 3% og því ljóst að við náum markmiðinu ekki alveg ef litið er til þeirrar aðferðar. Ef notuð er aðferð MMR þá er brottfall innan skólans 6,7% (2019) en var búið að vera 0% tvö síðustu ár þar á undan (2017 og 2018). Aðferðin sem stuðst er við þar er að skoða nemendur sem hefja nám í VA að loknum 10. bekk og hvort þeir skili sér inn á annað ár í framhaldsskóla óháð tilfærslu milli skóla.

Gæðamarkmið	Mælikvarðar	Staða	Hvenær mælt	Markmið
Nemendur nái sem bestum árangri í námi sínu á hverri önn, bæði bóklegu og verklegu.	Meðaleinkunn (allir áfangar)	7,26	Des. 2020	≥ 6
	Fallprósenta (allir áfangar)	15,6%	Des. 2020	≤ 17%
Bæta ástundun og minnka hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi á hverri önn.	Mætingar %	83,6%	Des. 2020	90%
	Brottfall %	8,2%	Des. 2020	≤ 3%

Ábendingar, kvartanir, frábrigði

Vinna er í gangi við að forma ferlið við ábendingar, kvartanir og frábrigði. Alls bárust 10 ábendingar, kvartanir, frábrigði á önninni og voru allar leiddar til lykta fljótt. Yfirlit yfir mál og niðurstöður þeirra er vistað í rafrænni málaskrá skólans undir heitinu *Ábendingar, frávik, kvartanir o.fl. haustönn 2020*.

Útskrift áfanga

Útskrift áfanga er veigamikill þáttur í gæðastjórnunarkerfinu. Til þess að áfangar teljist útskrifaðir þurfa eftirfarandi þættir að vera til staðar:

1. Kennsluáætlun skal skila til áfangastjóra sem rýnir hana. Eftir samþykki er áætlunin undirrituð af áfangastjóra og kennara og sett á kennsluvef í upphafi annar.
2. Framvinda kennslunnar skal metin um miðja önn.
3. Í öllum áföngum skal unnið eftir verklagsreglum um gerð og rýningu námsmatsþátta.
4. Áfangaskýrslu skal skila í lok annar ásamt upplýsingum um varðveislu námsgagna og sundurliðun einkunna.

Í upphafi voru þessir þættir fleiri en þeim hefur fækkað annars vegar við það að gátlistar hafa verið sameinaðir til hagræðingar og aukinnar skilvirkni. Hins vegar hafa listar verið felldir niður hafi þeir ekki þótt skila þeim tilgangi sem upphaflega var ætlast til. Almenna reglan er sú að allir áfangar eiga að útskrifast. Eitt og annað getur þó komið upp á í skólastarfinu sem kemur í veg fyrir að hægt sé að uppfylla kröfur til slíkrar útskriftar. Í þeim tilfellum er afar

mikilvægt að rýna hvað það er sem kemur í veg fyrir útskriftina með það að markmiði að gera betur og hækka hlutfall útskrifaðra áfanga. Áfangar á starfsbraut eru undanþegnir útskrift áfanga.

Á haustönn 2020 var hlutfall útskrifaðra áfanga 95%.

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlunum skal skilað við upphaf annar fyrir alla kennda áfanga. Áður var það svo að þeim var skilað til áfangastjóra en með breyttu skipulagi er þeim nú skilað til gæðastjóra, þær rýndar og svo skilað undirrituðum af kennara og gæðastjóra inn á kennsluvef að rýningu lokinni. Þar skal koma fram áfangalýsing og markmið, yfirferðaáætlun, námsefni, tímasetningar verkefnaskila og hlutaprófa og námsmat. Skýr viðmið eru fyrir vægi matsþátta í námsmati eftir því hvort um er að ræða símats- eða lokaprófsáfanga og koma þau fram í sniðmáti fyrir kennsluáætlun.

Skil kennsluáætlana til gæðastjóra haustönn 2020:

- Haustönn 2020 – 100%

Framvindumat

Framvindumat var framkvæmt einu sinni á önninni. Felst matið í því að deildarstjórar hitta kennara deildar og fara með þeim yfir framvindu kennslunnar í hverjum áfanga. Þar sem enginn deildarstjóri er í bóknámi fór gæðastjóri yfir stöðuna með kennurum þar. Einnig fór gæðastjóri yfir framvindumat deilda með hverjum deildarstjóra. Deildarstjórar skiluðu gæðastjóra framvindumatinu 16. október og fundaði gæðastjóri með þeim strax í kjölfarið. Niðurstöður framvindumats voru síðan teknar fyrir á fundi gæðaráðs þann 29. október og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu eftir því sem þörf var á.

Allir áfangar sem kenndir voru fóru í gegnum framvindumat með þeirri undantekningu að áfangar í rafdeild sem kenndir voru hluta úr önn fóru ekki í framvindumat heldur voru þeir metnir sérstaklega.

Í kjölfar framvindumats bárust 8 athugasemdir sem sendar voru til viðeigandi stjórnanda til úrvinnslu. Er yfirlit yfir úrvinnslu þeirra vistað í rafrænni málaskrá skólans undir heitinu *Ábendingar, frávík, kvartanir o.fl. haustönn 2020*.

Áfangaskýrslur

Í lok hverrar annar skila kennarar áfangaskýrslum þar sem niðurstaða áfanga er staðfest. Jafnframt skila þeir sundurliðuðum einkunnum með áfangaskýrslunni. Í skýrslunum gefa þeir upplýsingar um kennslu og yfirferð, hvað megi bæta, dreifingu einkunna og varðveislu námsmatsgagna. Athugasemdir áfangaskýrslna eru færðar á *GÁT-018* sem er vistað í rafrænni málaskrá skólans. Alls voru 13 færð þangað, þar af voru 8 vegna hárrar fallprósentu í áfanga en á haustönn var tekið upp verklagið að skoða málið ef fall væri yfir 35%. Sérstakur gátlisti var tekinn upp í kjölfarið og fundað er með þeim kennurum sem hlut eiga að máli þar sem tilgangurinn er að finna og greina frávík með umbætur að leiðarljósi.

Þær athugasemdir sem voru skráðar voru sendar viðeigandi stjórnanda til úrvinnslu. Er yfirlit yfir úrvinnslu þeirra vistað í rafrænni málaskrá skólans undir heitinu *Ábendingar, frávík, kvartanir o.fl. haustönn 2020*.

Skil á áfangaskýrslum í lok haustannar 2020 voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2020 – 95%

Einkunnalistar

Einkunnalistum skal skilað með áfangaskýrslum. Í listunum eiga að vera sundurliðaðar einkunnir allra nemenda í áfanganum. Skil á einkunnalistum í lok haustannar 2020 voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2020 – 95%

Gerð námsmatsþátta

Gátlistum skal skila um gerð námsmatsþátta, hvort sem um er að ræða lokaprófsáfang, lokaverkefnisáfang eða símatsáfang. Með skilum á gátlistanum staðfestir kennari að lokapróf, lokaverkefni eða stærsti símatsþátturinn hafi verið skoðaðir með tilliti til ýmissa faglegra þátta og einnig kemur fram hvort hljóðskrár fylgi með prófi þegar um lokaprófsáfang er að ræða. Aðstoðarskólameistari og deildarstjóri eða samkennari rýnir lokapróf en þegar um lokaverkefni eða símat er að ræða eru matsþættir rýndir af samkennurum eða deildarstjórum. Skil á gátlistum um gerð námsmatsþátta í lok haustannar 2020 voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2020 – 95%

Samantekt

Á heildina litið gengur ferlið sem lýkur með útskrift áfanga mjög vel. Kennarar eru búnir að setja sig vel inn í það og virkar það vel sem aðhald með kennslunni og veitir mikilvægar upplýsingar um gæði og gang náms og kennslu.

Staða forvarna og úrbóta

Hvað er búið að gera á önninni:

- Sett saman skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.

- Lögð drög að áhættumati vegna upplýsingaöryggis.
- Innri persónuverndarleiðbeiningar innleiddar.
- Settar upp öryggismyndavélar á heimavist til þess að tryggja öryggi nemenda.
- Skólanum barst gjöf frá Síldarvinnslunni, búnaður til kennslu í kælitækni sem eykur gæði kennslu í faginu.
- Ípadar keyptir til þess að styðja við kennara í fjarkennslu.
- Skápar í öll herbergi heimavistar
- Ýmislegt varðandi netmál betrubætt, á heimavist og til að efla samband á kennsluvef.
- Uppbrottavél keypt á kaffistofu í verkkenndluhúsi.
- Settur upp starfspróunardagur kennara þar sem lögð var áhersla á jafningjafræðslu ásamt einu aðsendu erindi. Ætlunin var að styrkja kennara í fjarkennsluumhverfinu.

Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

Í upphafi skýrslunnar er farið yfir niðurstöður fyrri rýni stjórnenda. Eins og sjá má voru mörg atriði sem sett voru á aðgerðarlista og flestum þeirra er lokið að fullu. Önnur munu teygja sig fram að upphafi næsta skólaárs. Gæðastjóri mun sjá um eftirfylgni með aðgerðalistanum.


Jafnlaunakerfið

Markmið jafnlaunakerfis og launagreiningar

Skólinn hlaut jafnlaunavottun á kerfi sitt á vordögum 2020 og hefur unnið við það síðan. Áætlað er að eftirlitsúttekt kerfisins fari fram vorið 2021. Hér fyrir neðan má sjá *Mynd 7* af ferli jafnlaunakerfis skólans.

Sett hafa verið markmið fyrir jafnlaunakerfið. Þau eru hluti af gæðamarkmiðunum og eru eftirfarandi:


- Vinna gegn óútskýrðum launamun
- Viðmið við ákvörðun launa og annarra starfskjara, þ.m.t. úthlutun yfirvinnu, skulu ekki fela í sér kynjamismun
- Allt starfsfólk skal upplýst um að jafnlaunakerfi er innleitt og því viðhaldið í stofnuninni
- Jafna skal hlutfall kynja í stjórnendastörfum




Mynd 7. Ferill jafnlaunakerfisins VA.

Til þess að mæla efstu tvo liðina eru framkvæmdar launagreiningar tvisvar á ári, undir lok hvorrar annar fyrir sig. Launagreining er unnin samkvæmt VKL-219 og eru gögn framkölluð af fjármálastjóra úr forritinu Emblu. Helstu niðurstöður fyrir haustönn 2020 eru þær að þegar kemur að uppreiknuðum dagvinnulaunum er munur á launum kynjanna óverulegur (0,78% konum í vil) eins og sjá má á Mynd 8. Þegar launin eru ekki uppreiknuð er munurinn hins vegar 9,03% körlum í vil. Það helgast af því að konur eru frekar í hlutastörfum en karlar. Til samanburðar var þessi tala 33,4% fyrir haustönn 2019.

Þegar kemur að því að skoða heildarlaun uppreiknuð má sjá að munurinn er 1,21% konum í vil (sjá Mynd 9) en snýst við þegar störfín eru ekki uppreiknuð (8,4 % körlum í vil). Einnig er munurinn óleiðréttur, þ.e. það er ekki búið að leiðrétta fyrir ákveðnum þáttum. Til samanburðar var þessi tala 19,5% á haustönn 2019 og hefur því töluvert áunnist.




Mynd 8. Óleiðréttur launamunur uppreiknaður. Dagvinnulaun – VA – haustönn 2020.



Mynd 9. Óleiðréttur launamunur uppreiknaður. Heildarlaun – VA – haustönn 2020.

Þegar yfirvinna er skoðuð einungis er munurinn enn meiri en 27,87% konum í vil. Til samanburðar má nefna að á haustönn 2019 var þessi munur 77,4% körlum í vil.



Mynd 10. Óleiðréttur launamunur uppreiknaður. Yfirvinnulaun – VA – haustönn 2020.

Innri úttektir jafnlaunakerfis

Í janúar 2020 var gerð úttekt á þeim verklagsreglum sem snúa að jafnlaunakerfinu og munu þær verða teknar út a.m.k. einu sinni á ári. Í janúar 2021 mun fara fram úttekt á þeim reglum sem sérstaklega snúa að jafnlaunakerfinu.

Niðurstöður markmiða

Markmið	Aðgerð	Staða	Staða tekin	Mælanlegt markmið
Vinna gegn óútskýrðum launamun	Launagreiningar tvisvar á ári.	0.78%	6.1.2021	≤ 3% óútskýrður launamunur
Viðmið við ákvörðun launa og annarra starfskjara, þ.m.t. úthlutun yfirvinnu, skulu ekki fela í sér kynjamismun	Innri úttektir Launagreiningar tvisvar á ári.	0.78%	6.1.2021	≤ 3% óútskýrður launamunur ≤ 3% óútskýrður munur kynjanna þegar kemur að úthlutun yfirvinnu
Allt starfsfólk skal upplýst um að jafnlaunakerfi er innleitt og því viðhaldið í stofnuninni	Könnun á meðal starfsmanna • Hversu vel ert þú upplýst/ur um		V21	≥ 90% svari mjög vel eða vel

	jafnlaunakerfið og viðhald þess?			
Jafna skal hlutfall kynja í stjórnendastörfum	Staðan tekin í lok hvers skólaárs.		V21	Jöfn kynjahlutfall í stjórnunarstöðum

Breytingar í rekstri VA sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið

Að halda virkri vottun þegar hún hefur fengist.

Austurendinn. Það að fá hann mun breyta ýmsu, t.d. í rekstri og vonir standa til að bætt aðstaða sem fylgir muni auka ánægju nemenda og starfsmanna.

Væntanleg enduropnun Fab Lab smiðju í VA er líkleg til að efla enn frekar tengsl skólans við nærsamfélagið hvort sem um er að ræða aðrar menntastofnanir, einstaklinga, frumkvöðla/sprota eða fyrirtæki.

Það er nemendafæð á upptökusvæði skólans. Skapar óstöðugleika að hafa sveiflu í nemendafjölda vegna ólíkra áfangastærða. Dregur úr stöðugleika í námsframboði sem aftur veldur því að trú á skólann minnkar sem getur skilað sér í færri umsóknum.

Ýmiss lærdómur sem hægt er að draga af ástandinu sem skapaðist í COVID-19, t.d. á sviði ýmissa fjarlausna í stjórnun, námi og kennslu.

Umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi náms og kennslu sem þróaðar voru í lok haustannar geta komið til með að hafa mikil áhrif á skólastarfið til lengri tíma og þ.a.l. þá þætti stjórnunarkerfissins sem snúa að námi og kennslu.

Mikil þjálfun sem kennarar fengu í fjarkennslu í COVID-19 sem verið er að byggja ofan á.

Tilmæli stjórnvalda vegna ástandsins í þjóðfélaginu um að það eigi að taka í auknum mæli við eldri nemendum í starfsnám.

Innleiðing á mannauðskerfum, grænum skrefum í ríkisrekstri, styttingu vinnuvikunnar og loftslagsstefnu.

Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starf skólans

Til þess að taka þetta saman á skýrari hátt var ráðist í að greina sterkar og veikar hliðar skólans. Sú vinna hófst á rýnifundi stjórnenda eftir vorönn 2020 og var haldið áfram með hana nú.

Sterkar hliðar	Veikar hliðar
Smæð skólans	Óöryggi í rekstri
Utanumhald með nemendum	Mötuneytis/kaffiaðstaða
Fjölbreytt námsframboð	Starfsaðstaða í verknámshúsi
Skýrir verkferlar í kringum nám og kennslu	Hafa ekki skapast sterkar hefðir í félagslífi
Stuttar boðleiðir	Ekki tekist að virkja foreldra nægilega inn í skólastarfið
Góð heimavist og persónuleg eftirfylgni með vistarbúum	Loftgæði eru ekki nægilega góð
Markvisst innra mat	Tekst ekki nægilega vel að virkja nemendur
Mörg tækifæri fyrir nemendur og starfsfólk í erlendu samstarfi	Kennsluaðferðir og námsmat gæti verið fjölbreyttara og meira í anda leiðsagnarnáms
Persónuleg tengsl nemenda og starfsfólks	Vantar tæknibúnað til þess að efla kennslu
Starfsánægja	Fámennir námshópar
Vel menntað starfsfólk	Lítið um að vera í samfélaginu fyrir unginga á framhaldsskólaaldri
Starfsaðstaða í bóknámshúsi er góð	Minnkandi starfsánægja
Sveigjanleiki í vinnu	Skortur á formlegu lærdómssamfélagi
Stuðningur við nám starfsfólks	
Fab Lab í húsnæði skólans	
Tæknidagur fjölskyldunnar	
Samnýting á húsnæði og mannafla við Nesskóla	
Góð tengsl við fyrirtæki og stofnanir í nærsamfélaginu	
Góð tengsl við yfirvöld í sveitarfélaginu	
Heilsueflandi framhaldsskóli	
Upplýsingaflæði innan og utan stofnunar	
Umhverfisstarf	
Skólinn hefur innleitt virkt jafnlaunakerfi og hlotið jafnlaunavottun	
Endurmenntun hefur verið eflað innan skólans	
Upplýsingatæknikunnátta starfsfólks	
Lágt brottfall	
Fjölbreyttur nemendahópur	

Tillögur um umbætur

Áframhaldandi þróun og betrubæting gæðakerfisins í kjölfar vottunar.

Listanum gerð námsmatsþátta sé skilað í upphafi annar ef um símats- eða lokaverkefnisáfanga er að ræða. Þannig sé tryggt að verkefnin séu rýnd áður en þau eru lögð fyrir. Einnig tryggja að rýnin eigi sér stað.

Kortleggja hlutverk deildarstjóra í ljósi þeirra breytinga á vinnustaðanámi sem eru fyrirhugaðar

Koma á reglulegum deildar- og deildarstjórafundum og sjá til þess að niðurstöður þeirra séu skjalaðar

Endurskoða gæða- og jafnlaunamarkmið

Halda áfram að þróa jafnlaunakerfið

Þarf að tryggja það að stundakennarar sem koma að utan séu settir vel inn í gæðakerfið og þau skjöl sem þarf að skila vegna kennslunnar.

Halda áfram að þróa nýja kennsluhætti og nýtt skipulag náms og kennslu innan skólans.

Halda áfram að leita allra leiða til að bæta upplýsingaflæði til nemenda og forráðamanna varðandi gengi í náminu.

Koma upp reglulegum rýnihópafundum með nemendum þar sem tekin eru fyrir ákveðin málefni

Halda áfram að efla starfsfólk í því að tileinka sér fjölbreyttar leiðir til að koma til móts við nemendur

Vinna með starfsandann með því að efla ýmsa viðburði meðal starfsmanna. Fara í námsferðir og samtvinna þannig samveru og nám.

Koma upp virku samstarfi við grunnskóla í sveitarfélaginu.

Koma upp virku samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu, t.d. í tengslum við enduruppbyggingu Fab Lab.

Efla félagslíf starfsfólks og nemenda með tilkomu Austurendans.

Tillögur um auðlindir

Mikilvægt að leitast við að bæta enn frekar starfsánægju.

Smæðin skapar gott utnumhald með nemendum. Kynna skólann á okkar styrkleikum.

Öflugt starf í UHÖ málum.

Nám og kennsla í COVID-19 sýnir okkur vel styrkleika skólans

Nýtt fyrirkomulag á námi og kennslu í skólanum fer vel af stað.

Endurskipulagning á nýtingu húsnæðis skólans mun bæta aðstöðu nemenda og starfsfólks.

Endurskoðun námsbrauta.


AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA HAUSTÖNN 2020			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
2	Innri úttektir		
	Eftirfylgni með innri úttektum/eftiráúttektir	Gæðastjóri/úttektaraðilar	Júní 2021
	Taka út verklagsreglur samkvæmt skipulagi	Gæðastjóri	Júní 2021
	Halda áfram að þróa ferlið við innri úttektir	Gæðastjóri/úttektaraðilar	Júní 2021
3	Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum		
	Halda vel utan um þátttöku nemenda í áfangamati. Halda áfangamatstíma og hafa umbun til þess að auka hlutfall þátttakenda.	Stjórnendur	Júní 2021
	Gera þjónustukannanir á árinu	Gæðastjóri	Júní 2021
	Fylgja eftir ferlum um starfsþróunarsamtöl	Skólameistari	Júní 2021
	Koma upp reglulegum rýnihópafundum með nemendum þar sem tekin eru fyrir ákveðin málefni.	Gæðastjóri	Apríl 2021
	Vinna SVÓT-greiningu og umbótaáætlun út frá niðurstöðum úr Stofnun ársins í samráði við starfsfólk	Stjórnendur	Júní 2021
4	Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og námskeiða		

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA HAUSTÖNN 2020			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Halda áfram að þróa ferli við framvindumat	Gæðastjóri	Apríl 2021
	Tryggja að kennarar sem koma í aðkeypta kennslu séu vel upplýstir um gæðakerfið og ábyrgð þeirra innan þess	Gæðastjóri/Skólameistari	Júní 2021
	Tryggja rýni á námsmatspáttum og skil á gátlistanum Gerð námsmatspátta áður en þátturinn er lagður fyrir	Gæðastjóri	Júní 2021
	Endurskoða kröfur varðandi námskeið	Stjórnendur	Júní 2021
5	Úrbætur		
	Koma á reglulegum deildar- og deildarstjóra fundum og sjá til þess að niðurstöður þeirra séu skjalaðar	Skólameistari/Gæðastjóri	Júní 2021
	Kortleggja hlutverk deildarstjóra í ljósi þeirra breytinga á vinnustaðanámi sem eru fyrirhugaðar	Skólameistari	Júní 2021
	Tryggja að nýtt starfsfólk sé vel upplýst um starfsemina þegar það hefur störf.	Skólameistari	Júní 2021
	Halda áfram að þróa ferli varðandi skráningar á frávikum.	Stjórnendur	Júní 2021
6	Ytri kröfur		
	Efla kynningu jafnlaunakerfis og meta árangur.	Gæðastjóri	Júní 2021
	Persónubundnir þættir inn í starfaflokkun	Gæðastjóri/Fjármála- og skrifstofustjóri	Júní 2021
	Auglýsa stöður innan skólans með það að leiðarljósi að höfða til allra kynja.	Skólameistari	Júní 2021
	Ljúka innleiðingu fyrstu tveggja grænu skrefanna (Græn skref í ríkisrekstri)	Skólameistari	Júní 2021
	Halda áfram að þróa og innleiða skjalavistunaráætlun skólans	Stjórnendur	Júní 2021
	Innleiða upplýsingaöryggisstefnu	Persónuverndarteymi	Júní 2021
	Innleiða loftslagsstefnu	Stjórnendur	Júní 2021
7	Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)		
	Endurskoðun starfslýsinga.	Skólameistari	Apríl 2021
	Endurskoðun stúdentsbrauta.	Aðstoðarskólameistari	Júní 2021
	Innleiðing mannauðskerfa.	Skólameistari/Fjármála- og skrifstofustjóri	Júní 2021
	Endurskoða gæða- og jafnlaunamarkmið	Gæðaráð	Júní 2021
	Sambætting gæðakerfisins og markmiða í stefnumótun ríkisaðila	Stjórnendur	Júní 2021

AÐGERÐALISTI VEGNA RYNI STJÓRNENDA HAUSTÖNN 2020			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
8	Tillögur um umbætur		
	Vottun gæðakerfis á vorönn 2021	Gæðastjóri	Mars 2021
	Þarf að samþykkja öll skjöl varðandi gæðakerfið og koma á vefinn	Gæðastjóri	Mars 2021
	Koma upp virku samstarfi við grunnskóla í sveitarfélaginu	Stjórnendur	Júní 2021
	Koma upp samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu í tengslum við enduropnun Fab Lab	Stjórnendur	Júní 2021
	Nýta Fab Lab markvisst í kynningarstarfi	Stjórnendur	Júní 2021
9	Tillögur um auðlindir		
	Vinna með starfsánægju með námskeiðahaldi og námsferðum.	Stjórnendur	Maí 2021
	Bæta aðgengi að mötuneyti fyrir nemendur og starfsfólk.	Skólameistari	Des. 2021
	Koma upp sal/aðstöðu fyrir félagslíf og fræðslu.	Skólameistari	Des. 2021
	Bæta starfsaðstöðu kennara.	Skólameistari	Des. 2021
	Halda áfram að tryggja starfsfólki endurmenntun sem eflir það í starfi.	Stjórnendur	Des. 2021


 Lilja Guðný Jóhannesdóttir, skólameistari


 Karen Ragnarsdóttir, aðstoðarskólameistari


 Birgir Jónsson, gæðastjóri